

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 145

Október 2019

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 22. október kl. 20 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins:

Magnús Tumi Guðmundsson: 100 ár frá fyrstu ferð í Grímsvötn,

Hilmar Sverrisson: Myndir frá ferðum á Suðurskautslandinu.

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 22. október kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á fundinum mun Magnús Tumi Guðmundsson segja frá ferð Svianna Wadell og Ygberg í Grímsvötn 1919, fyrir réttum 100 árum. Eftir kaffihlé mun Sverrir Hilmarsson sýna myndir frá ferðum um jökulbreiður Suðurskautslandsins og e.t.v. einnig frá vinnu sinni á Grænlandi. Sverrir hefur í mörg ár verið einn af helstu sérfræðingum heims í uppsetningu og rekstri vinnubúða og tæknilegum hliðum vísindaleiðangra um þessar erfiðu slóðir. Hann hefur unnið fyrir Alfred Wegener stofnunina í Þýskalandi og Niels Bohr stofnunina í Danmörku, en þar starfa margir að fremstu sérfræðingum heims í heimskautajökulum. Jafnframt er Sverrir formaður skálanefndar JÖRFÍ þar sem þekking hans og reynsla nýtist við að halda við og reka skála félagsins á og við Vatnajökul.

100 ÁR FRÁ FYRSTU FERÐ Í GRÍMSVÖTN - SVÍARNIR WADELL OG YGBERG -

Grímsvötn eru virkasta eldstöð Íslands og þar er eitt öflugasta jarðhitasvæði jarðar. Þar eiga Skeiðarárhlaup upptök sín og hvergi eru átök elds og íss, sem eru bakgrunnur tilnefningar Vatnajökulspjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO, eins sýnileg. Grímsvötn liggja í miðjum Vatnajökli vestanverðum en nafnið kemur fyrst fyrir í ritum frá því um 1600. Enginn vissi þó fyrir víst hvar þessi eldstöð var nákvæmlega. Undir lok 19. aldar var staðsetningin mjög á reiki og algengt var að ruglað væri saman Grænalóni og Grímsvötnum. Jafnframt fyrntist yfir nafnið. Fyrsta skráða gönguferð yfir Vatnajökul var farin af Watts og félögum sumarið 1875. Grímsvötn komu ekki við sögu enda lá leið þeirra vestan þeirra. Það var svo þann 31. ágúst 1919 sem tveir ungir Svíar, jarðfræðingarnir Erik Ygberg og Hakon Wadell, komu með hesta sína fram á norðurbrún Grímsfjalls, vestan við kollinn sem í dag heitir Vestari Svíahnjúkur. Þeir fóru niður í Grímsvötn, mældu lengd og breidd lægðarinnar, teiknuðu kort af svæðinu og nefndu staðinn

Svíagíg. Vakti ferð þeirra verulega athygli. Heldur þótti þó sumum áhrifamönnum um jarðfræði í Svíþjóð þessir ungu menn vera glanna- legir í framgöngu og túlkunum. Var á það bent að hver maður sæi að eldgos gæti ekki orðið undir jökli, ísinn myndi kæfa gosið! Er þetta viðhorf hinna ríkjandi páfa á þeim tíma því merkilegra fyrir það að aðeins var ár liðið frá Kötlugosinu 1918 þar sem eldgos varð sannan- lega undir jökli og bræddi sig í gegnum hann. Þeir Ygberg og Wadell hlutu því lítinn heiður af ferð sinni í Svíþjóð. Samfara gosinu í Gríms- vötnum 1934 fór ferðum þangað að fjölga. Staðurinn endurheimti sitt forna nafn, en Svíahnjúkar, eystri og vestari, fengu nöfn sem að viðhalda minningu merkilegrar ferðar og heiðra þessa forgöngumenn rannsókna og landkönnunar á Vatnajökli.


Í erindinu verður sagt frá ferð Svíanna í sumarlok 1919, hvernig þeim reiddi af eftir hana og hver áhrif ferðarinnar urðu. Jafnframt verður ferðin sett í samhengi við rannsóknasögu Vatnajökuls og tæpt á hvaða breytingar hafa orðið í Grímsvötnum og Vatnajökli á þessum 100 árum.

Magnús Tumi Guðmundsson

VORFERÐ JÖRFÍ 2019

Vorferð JÖRFÍ á Vatnajökul 2019 var farin dagana 29. maí til 9. júní. Að þessu sinni var ferðin með heldur öðru sniði en oftast hefur verið. Ákveðið var vegna mikillar aðsóknar og nægra verkefna að skipta leið- angrinum í tvö tímabil og urðu skiptin þriðjudaginn 4. júní. Farið var um Skálafellsjökul þar sem aurbleyta var svo mikil framan við Tungna- árjökul að leiðin að honum var ófær. Þetta stafar af hröðu hopi jökulsins undanfarin ár. Er þetta í fyrsta skipti í 66 ára sögu vorferða sem ófærð við jökulrönd veldur því að ferðin er færð á Skálafellsjökul.

Þáttakendur í fyrri hluta leiðangursins voru 23 en 22 í þeirri seinni, en 5 manns voru allan tímann. Fyrri hópurinn gisti aðfaranótt fimmtudagsins á Vagnsstöðum og fyrir bragðið var leiðangurinn kominn af stað á jökli um hádegisbil og hægt að nota daginn til að vinna að ýmsum fyrir- huguðum verkum.



Horft niður Skeiðarjökul frá Vetti, í vorferð JÖRFÍ 2019. Mynd: Finnur Pálsson.

Kalt var á jöklinum allan tímann og færi með eindæmum gott. Stillt og bjart var flesta daga í fyrri hluta ferðarinnar, en heldur meiri vindur úr norðri seinni hlutann, en þó að mestu bjart og aðstæður til vinnu góðar. Fyrir vikið voru ferðir um jökulinn auðveldar og dagarnir nýttust vel til mælinga og annarra starfa.

Í leiðangrinum var unnið að mjög fjölbreyttum verkefnum. Þau helstu voru: Vetrarafkoma mæld á nokkrum stöðum, m.a. í Grímsvötnum Háubungu og Bárðarbungu, en bæði á og Bárðarbungu og í Grímsvötnum voru boraðir um 15 m langir kjarnar til könnunar á hitastigi og eðlismassa. Íssjarmælingar voru gerðar á Bárðarbungu og austan hennar, í Grímsvötnum, í Eystri Skaftárkatli og norðan Skaftárkatla að rótum Bárðarbungu. Í Grímsvötnum voru breytingar vegna jarðhita kortlagðar og innri gerð íshellunnar könnuð með jarðsjá. Vitjað var um jarðskjálfta- og GPS stöðvar á jöklinum, m.a. á Örafajökli og fjórfótur settur á Vestari Svíahnúk. Þar var GPS tæki skilið eftir og mældi þar allt sumarið til loka ágúst. Einnig voru mældir inn nokkrir fastpunktar á öðrum jökulskerjum. Á Dyngjujökul, nærri jafnvægislínu, voru sett 3 síritandi GPS tæki, en vísbendingar eru um að skriðhraði þar sé að aukast og framhlaup í aðsigi. Á Bárðarbungu voru endurteknar þyngdarmælingar frá fyrri árum til að kanna breytingar vegna umbrota síðustu ára, jarðhitaketill í suðurbrúnum hennar kortlagður og gas-sýnum safnað. Hópur dvaldi í Kverkfjöllum í nokkra daga við rann-

sóknir á snefilefnum í gufunni þar. Gasmælingar voru líka gerðar í Grímsvötnum og á Saltara. Þá var farið af Grímsfjalli um jökul að vesturjaðri Síðujökuls til að kanna nyrsta hluta gossprungunnar úr Skaftáreldum, en hún náði þar inn í jökulinn.

Í fyrri hluta voru Valdimar Leifsson og Ragnar Th. Sigurðsson með hópnum í nokkra daga við kvikmyndagerð, vegna 100 ár afmælis Veðurstofu Íslands á næsta ári. Í seinni hlutanum voru tveir blaðamenn sem öfluðu efnis til greinaskrifa í íslenska og hollenska prentmiðla. Einnig var sérstaklega unnið að myndatöku niður yfir skriðjökla Örafajökuls og fleira, auk upptöku á efni um störfín sem unnin eru í jöklaferðum. Í seinni hluta ferðarinnar voru með í nokkra daga tveir starfsmenn Neyðarlínunnar og unnu að viðgerðum og endurbótum á rafstöð og tetra sendi á Grímsfjalli. Að venju var unnið að viðhaldi skála og búnaðar á Grímsfjalli og flutt þangað eldsneyti fyrir rafstöðina þar og farartæki ferðarinnar.



Hluti vorferðar í þöku á JÖRFA í Kverkfjöllum. Mynd: Finnur Pálsson.

Nefna má að jarðhiti í Grímsvötnum hefur aukist á síðustu árum á því svæði vestast í Grímsvötnum sem kennt er við Vatnshamar, en hann hvarf í jökul á árunum 1960-1980. Í vor sást í fyrsta sinn að hlutar

Vatnshamars eru að koma fram aftur, vegna ísbræðslu jarðhitans. Sést nú í kletta á þremur stöðum og má reikna með að meira komi fram á næstu árum.

Ferðin var bæði árangursrík og ánægjuleg, enda tókst að sinna þeim verkefnum sem áætluð voru. Fararstjórar voru Finnur Pálsson í fyrri hluta ferðar en Magnús T. Guðmundsson í seinni hluta, og umsjón matarfélags hafði Sjöfn Sigsteinsdóttir.

Félagið naut eins og oft áður styrks frá Vegagerðinni og Landsvirkjun til að mæta hluta kostnaðar við flutninga og önnur umsvif í ferðinni. Neyðarlínan, Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofa Íslands tóku einnig þátt í kostnaði við flutninga og farartæki.

Finnur Pálsson



Bað í Gengissigi í vorferð 2019. Mynd: Finnur Pálsson.

HAUSTFERÐ JÖRFÍ Í JÖKULHEIMA

Hópur JÖRFÍ félaga ásamt börnum, mökum og kunningjum, alls 15 manns, lagði upp frá tækniástöðu Veðurstofu Íslands á Vagnhöfða síðdegis föstudaginn 13. september. Haldið var rakleitt í Jökulheima með örlítilli töf vegna fjárreksturs á Skeiðum og smá stoppi í Hrauneyjum til að ná öllum bílum saman. Færi á Jökulheimaleið var með besta móti nema hvað myrkur var ansi svart og tafði það fyrir nokkrum öku mönnum. Í jökulheimum beið okkar einn félagi til viðbótar og síðla kvölds bættist svo við ein mikil fjallkona, ásamt hundstík sinni. Var þá hópurinn fullskipaður, 17 manns og einn hundur. Ekki var neinn ofurgalsi í hópnum og gengið snemma til náða, fyrir miðnætti og hafði „fjallkonan“ á orði að sér þætti nóg um.



Í nær tómun farvegi Grindakvíslar. Mynd: Ingibjörg Eiríksdóttir.

Veðurspá fyrir laugardagsmorgun var góð og samkvæmt áætlun var haldið norður yfir Heimabungu og meðfram Fóstrufelli að farvegi Grindakvíslar þar sem bílar voru skildir eftir. Hér verður þó að geta þess að allt fór fram í mestu rólegheitum í skála þarna um morguninn,

ekki asi frekar en kvöldið áður og klukkan langt gengin í 11 þegar haldið var af stað. Ferðaáætlun gerði ráð fyrir gönguferð eftir endilöngum Jökulgrindum frá suðri til norðurs eða eins langt og hverjum hentaði.

Farvegur Grindakvísar var þurr utan stöku polla með jökullitu vatni og hafði fararstjóri á orði að líklegast hefði runnið vatn eftir farveginum daginn áður. Það hafði hinsvegar frosið um nóttina og ekkert vatn. Ungir ævintýramenn voru með í för og því var brugðið út af áætlun og hinum þurra farvegi Grindakvísar fylgt. Fyrst að þeim stað er fossinn Fleygir fellur fram af hraunhafti (ef vatn er í kvíslinni) en svo áfram meðfram sunnanverðum jökulgrindum, alla leið upp á hraunsléttuna á milli Bláfjalla og Jökulgrinda. Í Jökulgrindum er bólstraberg sem gaman er að skoða, og kvíslin hefur grafið þröngt og nokkuð djúpt gljúfur í gegnum hraunlögin sem runnið hafa af svæðinu austan Bláfjalla. Áhugaverð leið og örugglega er hún ekki fjölfarin. Allir voru komnir upp úr gljúfrinu að vestanverðu nema aldursforseti ferðarinnar Sólveig Kristjánsdóttir sem teymd hafði verið upp sandbrekku að austanverðu (hér eftir nefnt Sólveigarklif). Nú töldu leiðangursmenn og konur sig heyra dyn allmikinn og kenndu flugvél um. Einn ungur leiðangursmaður hafði brugðið sér í steinastökk efst í farveginum og nú bar svo við að hann var umflotinn vatni. Grindakvísl hafði sem sagt ekki verið í helgarleyfi heldur einungis lagt fremur seint af stað frá upptökum í Sylgjujökli út af næturfrostinu. Steinastökkvaranum var bjargað með snarræði af sannkölluðu flæðiskeri en einhverjir rifjuðu upp tillögu um að drekka hádegiskaffið ofan í gljúfrinu skömmu áður. Þar sem allt fór vel telst þetta bara skemmtileg uppákoma en um leið áminning um að „hádegisflæður“ eru víðar en norðan Vatnajökuls. Þá var eftir að koma sér austur yfir Grindakvísl sem var u.þ.b. hnédjúp og nú hrósaði Sólveig happi yfir klifinu sem hún hafði fyrr farið og skilaði henni á réttan árbakka.

Nú varð ekki hjá því komist að drekka hádegiskaffið um leið og fætur, sokkar og blautir skór voru útvatnaðir. Að því loknu var svo loksins gengið upp á Jökulgrindur eins og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Mikið var nú gaman að sjá frá nýju sjónarhorni sama landið og við

höfum svo oft farið um á leið á og af jökli. Gamlir jökulgarðar ná nánast alla leið upp á Jökulgrindur og reyndar hefur jökullinn runnið yfir þær á einverjum stöðum norðar. Þarna skiptist hópurinn upp. Barnafólk og Sólveig héldu suður að bílunum við Grindakvísl en aðrir héldu norður eftir Jökulgrindum og inn að jökli. Austur úr Jökulgrindum liggur gossprunga með rauðu gjalli áleiðis yfir að Tungnaárjökli. Undir gamla jökulbotninum eru mikið vatnssgrafin hraun og í gegnum höfðann sem leiðin á jökul hefur legið meðfram undanfarin ár hefur Tungnaá grafið þrjú þröng og djúp gljúfur í gegnum bólstra-bergið. Það er áhugaverður gönguhringur að aka norður á aurana, ganga hring í gegnum gígana, hraunin, gamla jökulbotninn og skoða þessa vatnsfarvegi. Heilmikið vatn var í Tungnaá þarna við jökulinn enda allt vatn frá jöklinum, alla leið norður að Kerlingum, þarna komið saman. Nú var skundað til baka í rigningunni sem komin var, um fjögurra kílómetra leið að bílunum, fyrst eftir þurrum áraurunum en seinni hluta leiðarinnar eftir mosagrónum bökkum norðan Grindakvíslar. Þarna er mjög áhugavert og skemmtilegt að ganga um og endalausar jökulminjar að skoða.



Á göngu að gígnum Mána. Mynd: Ingibjörg Eiríksdóttir.



Hjólað heim í nýsnævi á öræfum. Mynd: Hrafnhildur Hannesdóttir.

Í Jökulheimum var eldamennska komin vel af stað og bæði eldað fyrir gamaldags kjötætur og nútíma grænkeru. Ó, þvílík dýrðar grænmetis-súpa sem þar var fram borin; og jú, ekki var litla lambið síðra. Seinna kvöld ferðarinnar fór fram í rólegheitum og undir miðnætti voru flestir gengnir til náða. Er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu háttalagi?

Sunnudagur heilsaði okkur með snjó í fjöllum og fól á grundu. Spáin var ekki góð seinnipart dags og því haldið af stað um kl. 11. Flestir beygðu inn á Þórisósléið og óku að gígnum Mána, einum þriggja stórgíga á Tungnaáröræfum. Flestir gengu upp á Mána og eftir honum endilöngum. Máni er skemmtileg náttúrusmið, stutt og ekki mjög torfær ganga og einstaklega skemmtilegt að skoða veðraða gígbarmana. Í botni Mána er rennislétt hraun sem runnið hefur síðar inn í gíginn.

Algjörlega eins og að vera á tunglinu.

Þrír hjólagarpar og ökumaður fóru hins vegar beina leið úr Jökulheimum að Vatnsfelli, hjólandi í nýsnævinu. Það eru engir aukvisar sem skipa Jöklafélagsæskuna.

Ferðin var svona ljómandi skemmtileg og vel heppnuð fjölskyldu-afþreying í alla staði.

Ert þú búinn að ákveða hvar þú verður laugardaginn 13. September 2020? Ef ekki, viltu þá ekki drífa þig með í Jökulheima?

Hlynur Skagfjörð Pálsson

GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jöklarannsóknafélagsins, eru á allra færi og verða að jafnaði farnar annan hvern fimmtudag kl. 17:30 í vetur. Í skammdeginu verður gengið eftir upplýstum göngustígum, en ennisljós geta þó komið að gagni. Gönguferðirnar taka 1,5 – 2 klst, og oft er farið á veitingastað að lokinni göngu (upplagt fyrir þá sem ekki komast í göngu að hitta hópinn þar). Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson og Þóra Karlsdóttir, en frekari upplýsingar má nálgast hjá Þóru í síma 866-3370.

<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
17. okt.	Fossvogsdalur	Borgarspítali (austanmegin)
31. okt.	Korpúlfsstaðir	Korpúlfsstaðir (vestanmegin)
14. nóv.	Laugardalur	Áskirkja
28. nóv.	Nauthólsvík	Nauthóll
12. des.	Vatnsmýri	Norræna húsið
2. jan.	Seltjarnarnes	Gróttta

ÁRSHÁTÍÐ

Jöklarannsóknafélags Íslands

16.nóv

PARTÝ ÁRSINS

fordrykkur - matur - dans - happdrætti

6.500 kr

Kauptu miða núna hjá:

Baldri á Veðurstofunni s. 773-4045

Dísu í Öskju s. 525-5862

Garðari s. 893-0785

Vá hvað
ég er spennit!

Mhmm! Í fyrra var
aðsóknarmét og mig
grunar að það
verði slegið!

SUMARFERÐ JÖRFÍ 2019 - Í BÁSA OG NÁGRENNI

Sumarferð JÖRFÍ var farin helgina 9. – 11. ágúst. Að þessu sinni var farið í Bása í Þórsmörk þar sem flestir tjölduðu til tveggja nátta en einhverjir tóku sér gistingu í skála Útivistar. Markmið ferðarinnar, fyrir utan að eiga saman góðar stundir í góðra vina hópi, var að skoða ummerki um eldgosíð í Eyjafjallajökli 2010, einkum þær breytingar sem urðu vegna jökulhlaupanna niður Gígjökul fyrstu daga gossins. Á laugardeginum var haldið úr Básam til baka að Gígjökli þar sem hlaupin fylltu lónið sem þar var og byggðu upp mikla aurkeilu sem stendur 50 metrum hærra en yfirborð lónsins gerði áður. Jafnframt gengum við inn í Steinholtaldal þar sem enn má finna merki um flóðgusu sem sulaðist yfir skarð í fjallshryggnum sem skilur dalinn frá Gígjökli. Ekki voru allir búnir að fá nóg af göngu þegar hér var komið sögu því flestir fóru í blíðviðrinu úr Fagraskógi innan Steinholtaldals upp á Suðurhlíðar, en svo heitir ranninn milli dals Krossár og Steinholtaldals.



Sumarferðin í berjamó í mynni Steinholtaldals. Mynd: Magnús Tumi Guðmundsson.

Þegar komið var inn á móts við Steinholtslón gat að líta hrikalega norð-austurhlíð Innstahauss. Þar blasti við brotsárið eftir Steinholtshlaupið 1967. Á laugardagskvöldinu var svo haldin grillveisla mikil undir faglegri stjórn Þóru Karlsdóttur. Hluti hópsins gekk á sunnudagsmorgninum upp á Foldir neðan Morinsheiðar og virti fyrir sér brotsárið mikla í Teigstungum, þar sem hægfare berghlaup hefur orðið til þess að hluti fjallshlíðarinnar hefur sigið um allt að 180 metra á síðustu áratugum; ferli sem fyrst uppgötvaðist nú í sumar.

Þátttakendur í ferðinni voru um 58, og kom fólk á einkabílum. Við sameinuðumst um bíla eins og þurfti og nægt pláss var fyrir alla sem fara vildu.

Magnús Tumi Guðmundsson

FERÐ VEGNA 100 ÁRA AFMÆLIS FYRSTU FERÐAR Í GRÍMSVÖTN

Þann 31. ágúst síðastliðinn voru nákvæmlega 100 ár frá því menn komu fyrst í Grímsvötn svo vitað sé. Þar voru á ferð tveir ungir sænskir jarðfræðingar, Erik Ygberg og Hakon Wadell. Þeir fóru upp Síðujökul seint í ágúst 1919 og höfðu með sér þrjá hesta sem drógu farangur og vistir á sleða. Í ferðinni fundu þeir Grímsvötn og nefndu Svíagíg. Þeir héldu síðan áfram för sinni austur eftir Vatnajökli og komu til byggða niður Heinabergsjökul eftir nokkra hrakninga. Ferð þeirra Ygberg og Wadell var mikið afrek en segja má með sanni að Grímsvötn hafi á þessum tíma, og e.t.v. alla tíð síðan, verið sá staður á Íslandi sem erfiðast er að fara til. Hæstu tindar á Grímsfjalli í Vatnajökli eru nefndir eftir þeim félögum, Svíahnjúkar, eystri og vestari. Nafnið Grímsvötn er hinsvegar mun eldra og kemur fyrst fyrir í heimildum kringum árið 1600.

Til að minnast þessarar ferðar bætti Jöklarannsóknafélagið því verkefni inn í vinnuferð í skálana á Grímsfjalli þann 29. ágúst til 1. september,

að halda upp á tímamótin. Lagt var af stað úr Reykjavík á fimmtudagsmorgni og ekið sem leið liggur austur að Skálafellsjökli og síðan þaðan í Grímsvötn. Færi var gott og við vorum komin á fjallið milli kl. 21 og 22. Næstu tvo daga var borið á húsin og unnið í margvíslegu öðru viðhaldi. Þann 31. ágúst fóru flestir niður í Grímsvötn. Þar var mastrið sem mælir hæð íshellunnar reist við, en það hafði fallið í byrjun ágúst í kjölfar mikillar leysingar í sumar. Síðdegis var dagskrá á Grímsfjalli þar sem haldið var upp á að nákvæmlega 100 ár voru þá liðin frá því Svíarnir fundu Grímsvötn. Listafólkið Anna Líndal og Bjarki Bragason buðu síðan upp á sérstaka köku og færðu félaginu að gjöf sérstaka diska með merkingum sem tengjast ferð Svíanna. Verða þeir notaðir við hátíðleg tækifæri á Grímsfjalli í framtíðinni. Alls tóku 22 þátt í ferðinni. Veður var mjög gott og þótti ferðin heppnast með eindæmum vel.

Magnús Tumi Guðmundsson



Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson